

Nr. 001 / 13 Dröfn RE 35***Skipverji fellur á milli skips og bryggju***

Skipaskr.nr. 1574
Smíðaður: Seyðisfirði 1981, stál
Stærð: 154,6 brl. 185,5 bt.
Mesta lengd: 25,92 m Skráð lengd: 24,9 m
Breidd: 6,6 m Dýpt: 3,45 m
Vél: Caterpillar 416 kW, 1981
Fjöldi skipverja:
Rannsóknarmenn:



Dröfn©Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 18. október 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirprúði Alfreðsdóttur

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 7. janúar 2013 var Dröfn RE 35 við bryggju í Reykjavík. Aðstæður: Hægviðri, myrkur og hálka á bryggju, bryggjuköntum og fríholtum.

Tveir skipverjar voru að fara um borð þegar annar þeirra rann til á fríholti á bryggjunni með þeim afleiðingum að hann féll í sjóinn. Félagi hans kastaði til hans tógi og hringdi í lögreglu. Hann slakaði síðan Markúsarneti niður til mannsins og þegar lögregla og slökkvilið komu að var skipinu ýtt frá og kafari fór í sjóinn og aðstoðaði skipverjann að næsta stiga.

Ekki þótti ástæða til að fara með skipverjann á slysadeild þar sem hann bar sig vel og taldi sig ekki hafa orðið meint af volkinu.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn skipverjans sem féll í sjóinn varð hann ekki var við hálku á bryggjunni og tók ekki eftir að hálka væri á fríholtinu. Það hafi verið nokkru neðar en bryggjukanturinn og því niðurstigið lengra en venjulegt má teljast. Hann hafi því stigið fastar, með annan fótinn, niður á fríholtið og þar af leiðandi ekki haft fullt vald á hreyfingu sinni. Hann hafi fallið niður á milli fríholta neðar á bryggjuþilinu en sökum vindstöðu lá síða skipsins þétt að þeim og kom í veg fyrir að hann kæmist að stiga;

- að fríholtið var í sömu hæð og rekkverk skipsins;
- að landgangur var notaður en lá á þilfari skipsins og sagði skipstjóri að svo væri ávallt þegar lítill eða enginn umgangur væri vegna vinnu í skipinu. Ekki væri stöðug vakt í skipinu og því ekki eftirlit með landganginum sem þarf að færa reglulega eftir sjávarföllum þegar hann er í notkun. Hann sagði að, reynt væri eftir fremsta megni, að tveir færu saman í eftirlitsferðir á legutíma skipsins og svo hafi verið í þetta skipti.

Nefndarálit:

Orsök atviksins má rekja til þess að ekki var notaður landgangur.